

Stuðningsfulltrúi

Stuðningsfulltrúi vinnur eftir einstaklingsnámskrá nemenda eftir leiðsögn umsjónarkennara, sérkennara og aðstoðar nemendur við að ná settum markmiðum. Hann aðlagar verkefni að getu nemandans samkvæmt leiðbeiningum kennara/sérkennara, ýtir undir sjálfstæð vinnubrögð, og styrkir félagsleg tengsl. Hann tekur þátt í undirbúningi og skipulagi kennslunnar eftir þörfum og í samræmi við þann tíma sem skilgreindur er til þess og tekur þátt í fundum um skjólstæðing sinn og sinnir foreldrasamstarfi í samráði við umsjónarkennara. Sinnir frímínútnagæslu og öðrum verkefnum sem honum eru falin.

Stuðningsfulltrúi

Starfsheiti: Stuðningsfulltrúi

Starfsvettvangur stuðningsfulltrúa getur verið innan almennra bekkja, sérdeilda eða sérskóla.

Næsti yfirmaður: Skólastjóri

MARKMIÐ:

- Að taka þátt í því uppeldisstarfi sem fram fer skólanum þar sem áhersla er lögð á vellíðan nemenda.

ÁBYRGÐARVIÐ:

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Starfið tekur mið af þar til gerðri áætlun sem hefur það að markmiði að draga smám saman úr þörf nemanda/nemenda á stuðningi í þeim tilvikum þar sem það er hægt.

HELSTU VERKEFNI:

- aðstoðar nemanda/nemendur við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfi;
- vinnur eftir áætlun sem bekkjarkennari hefur útbúið í samráði við fagstjóra sérkennslu, sálfræðing eða annan ráðgjafa;
- aðstoðar nemanda/nemendur við að ná settum markmiðum samkvæmt aðalnámskrá/einstaklingsnámskrá undir leiðsögn kennara;
- aðlagar verkefni að getu nemandans samkvæmt leiðbeiningum kennara;
- ýtir undir færni og sjálfstæði nemenda í námi og daglegum athöfnum t.d. með því að hvetja þá til að gera sem mest sjálfa og hrósa þeim fyrir viðleitni í þá átt;
- aðstoðar nemendur við að fylgja settum reglum um hegðun, umgengni og vinnubrögð;
- styrkir jákvæða hegðun nemenda samkvæmt umbunarkerfi og vinnur gegn neikvæðri hegðun, t.d. með áminningum og með því að fylgja nemanda tímabundið afsíðis;
- fylgist með og leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu nemenda, notkun skriffæra o.s.frv;
- aðstoðar nemanda/nemendur við að klæðast, matast og aðrar athafnir daglegs lífs ef þeir eru ófærir um það sjálfir;
- leitast við að styðja nemendur í félagslegum samskiptum innan og utan kennslustofu;
- veitir nemendum félagslegan stuðning með því að hlusta á frásagnir og reynslu þeirra og spjalla við þá þegar aðstæður leyfa;
- fylgir einum eða fleiri nemendum á ferðum þeirra um skólann, í frímínútum og vettvangsferðum og aðstoðar þá eftir þörfum;
- situr fag- og foreldrafundi eftir því sem við á;
- getur eftir aðstæðum einnig sinnt öðrum nemendum í bekknum, m.a. til að kennari geti aðstoðað nemanda sem þarf séraðstoð og til að draga úr sérstöðu nemenda með sérþarfir;
- annast önnur þau störf sem honum kunna að verða falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfssviðs hans.